

GJALDSKRÁ

fyrir vatns- og fráveitugjöld í Þingeyjarsveit.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitur Þingeyjarsveitar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskrá fráveitugjalda er byggð á lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

1. gr.

Vatns- og fráveitugjöld.

Vatnsgjald	0,170% af fasteignamati
Aukavatnsgjald	0,42% af fasteignamati
Fráveitugjald	0,184% af fasteignamati

2. gr.

Gjalddagar vatns- og fráveitugjalds.

Gjalddagar vatns- og fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatns- og fráveitugjald með fasteignasköttum.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og var staðfest á fundi hennar 14. desember 2023, er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2001 um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga og 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og jafnframt fellur úr gildi óbirt gjaldskrá sama efnis.

Þingeyjarsveit, 10. janúar 2024.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 25. janúar 2024